Grímsnes- og Grafningshreppur

ÍBÚAFUNDUR

Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu Borg

þriðjudaginn 11. júní nk. kl. 19:30

Dagskrá:

1. *Ársreikningur Grímsnes– og Grafningshrepps 2018.*
2. *Önnur mál.*

Sveitarstjórn

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: **linda@gogg.is eða gogg@gogg.is**

UMF HVÖT 1907

HVATARBLAÐIÐ

17. júní hátíðarhöld

Skrúðganga frá Verzluninni Borg kl. 13:00

Hátíðarræða

Ávarp fjallkonu

Grillaðar pylsur og gos

Hoppukastali frá Skátunum á íþróttavellinum.

(Þau börn sem eiga fána frá fyrri árum endilega munið eftir þeim .)

FUNDARGERÐ.

455. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 1. maí 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:
Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ingibjargar Harðardóttur
Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir

1. **Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 17. apríl 2019.**
   Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 17. apríl 2019 liggur frammi á fundinum.

2. **Fundargerðir.**
   a) **Fundargerð 79. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 23. apríl 2019.**
   Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.
   Lögð fram 79. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 23. apríl 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;
   Mál nr. 1: Aðgerðir til að fjölga faglærðum starfsmönnum í leik og grunnskóla.
   Lagðar fram tillögur fræðslunefndar í aðgerðum til fjölgunar fagmenntaðra í Kerhólsskóla ásamt stöðluðu umsóknareyðublaði. Jafnframt leggur fræðslunefnd til að sveitarstjórn endurskoði ákvæði sitt um að allar fyrri umsóknir falli úr gildi í haust. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og oddvita falið að vinna áfram að málinu og afla nánari upplýsinga.

   b) **Fundargerð 18. fundar samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 25. apríl 2019.**
   Mál nr. 1 og 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

ÁRTANGI

Úrval sumarblóma og fjölæringa

Verið hjartanlega velkomin.

Opið alla virka daga frá 10 - 16

669-0108
694-8405

Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

HLAÐBORÐ Í HÁDEGINU

Lögð fram 18. fundargerð samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 25. apríl 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Úthlutun vegstyrkja til frístundabyggða.

Samkvæmt reglum sveitarfélagsins um vegbætur í frístundabyggð voru teknar fyrir umsóknir félaga frístundabyggða og sumarhúsaeigenda þar sem óskað er eftir styrk til vegabóta. Höfð var hliðsjón af úthlutun síðustu ára, aldur svæðanna og fjölda lóða og húsa á svæðunum. 22 umsóknir bárust, 19 gildar og 3 sem ekki uppfylla skilyrði styrkúthlutunar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að eftirtaldir aðilar fái styrki til vegabóta árið 2019, samtals að fjárhæð kr. 1.800.000.

Þrastarungar sumarhúsafélag	*50.000 kr.*
Félag frístundahúsalóðareigenda Hæðarbrúna í Grímsnesi	*50.000 kr.*
Félag lóða og sumarbústaðaeigenda (Kjarrengi)	*50.000 kr.*
Félag sumarhúsaeigenda í Kerengi	*75.000 kr.*
Félag sumarbústaðaeigenda við 5. braut við Álftavatn	*75.000 kr.*
Félag sumarhúsaeigenda við Þórsstíg	*75.000 kr.*
Félag sumarhúsaeigenda í Öldubyggð	*75.000 kr.*
Félag sumarhúsaeigenda í Kerhrauni E-svæði	*75.000 kr.*
Félag sumarhúsaeigenda í Oddsholti	*100.000 kr.*
Klausturhóll sumarhúsafélag	*100.000 kr.*
Selhóll félag sumarhúsaeigenda	*100.000 kr.*
Félag sumarhúsaeigenda v/Ásskóga	*100.000 kr.*
Kerhraun, félag sumarhúsaeigenda	*100.000 kr.*
Félag landeigenda í Nesi við Apavatn	*100.000 kr.*
Félag lóðareigenda í landi Minna Mosfells (FLUMM)	*100.000 kr.*
Félag lóðareigenda í Miðborgum	*100.000 kr.*
Vaðlækur félag sumarhúsaeigenda við Vaðlækjaveg	*100.000 kr.*
Félag sumarbústaðaeigenda í Norðurkotslandi og nágrenni	*150.000 kr.*
Öndverðarnes ehf.	*225.000 kr.*

Mál nr. 2: Úthlutun styrkja til uppbyggingar flóttaleiða í frístundabyggð.

Samkvæmt reglum sveitarfélagsins um uppbyggingu flóttaleiða í frístundabyggðum voru teknar fyrir umsóknir félaga frístundabyggða og sumarhúsaeigenda þar sem óskað er eftir styrk vegna flóttaleiða. 2 umsóknir bárust, 1 gild og 1 sem ekki uppfylltí skilyrði styrkúthlutunar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að þessi gilda umsókn frá Félagi lóðareigenda í Farengi fái alla styrkupphæðina, þ.e. 1.000.000 kr.

c) **Fundargerð 48. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 7. janúar 2019.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) **Fundargerð 49. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. janúar 2019.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) **Fundargerð 1. fundar atvinnumálanefndar og fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 12. mars 2019.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) **Fundargerð stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs., 9. apríl 2019.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **Næsti fundur sveitarstjórnar (aukafundur).**
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði miðvikudaginn 8. maí 2019 kl. 14:00.

4. **Viðhald girðinga með stofnvegum.**
Í kjölfar auglýsingar um viðhald girðinga meðfram stofnvegum liggur fyrir ein umsókn frá Félagsbúinu Miðengi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Félagsbúið Miðengi um viðhald girðinga með stofnvegum.

5. **Jafnréttisáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps.**
Lögð fram til fyrri umræðu drög að jafnréttisáætlun fyrir sveitarfélagið skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Málinu vísað til seinni umræðu.

6. **Beiðni um styrk frá Söngkór Miðdalskirkju.**
Fyrir liggur tölvupóstur frá formanni söngkórs Miðdalskirkju, dags. 24. apríl 2019 þar sem óskað er eftir styrk vegna starfsemi kórsins og til rekstrar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita Söngkór Miðdalskirkju styrk að fjárhæð kr. 50.000.

7. **Bréf frá Guðjóni Bragasyni, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem vakin er athygli á að lög um opinber innkaup nr. 120/2016 taka að fullu gildi gagnvart sveitarfélögum frá og með 31. maí 2019.**

Kæru eldri borgarar,

Mötuneyti Kerhólsskóla fer í sumarfrí þann 28. júní næstkomandi og opnar aftur 8. ágúst.

HESTAMANNAFÉLAGIÐ TRAUSTI

Hestamannafélagið Trausti
Viðburðarríkur júní

Í júní stendur hestamannafélagið Trausti fyrir þremur áhugaverðum viðburðum sem allir ættu að hafa gaman af.

Reiðnámskeið:
Um miðjan júní verður haldið reiðnámskeið fyrir félagsmenn og aðra áhugasama. Kennarar eru Halldór Þorbjörnsson og Sandra Jonsson, en þau eru bæði menntaðir reiðkennarar frá Hólaskóla.

Reiðtúrar:
Trausti stendur fyrir tveimur félagsreiðtúrum í júní. Annars vegar verður farinn Jónsmessureiðtúr skv. venju en sú ferð verður farin laugardaginn 22. júní. Hinn túrinn er sameiginlegur Kvennareiðtúr Trausta og Loga en hann verður farinn á félagssvæði Trausta að þessu sinni.

Nánari upplýsingar um þessa viðburði koma fram á samfélagsmiðlum innan tíðar.

FEÐGAVERK

Tökum að okkur STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Trjákurlun
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga
- Snjómokstur

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðiþjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar – Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfoss

Fyrir liggur bréf frá Guðjóni Bragasyni, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 17. apríl 2019 þar sem vakin er athygli á að lög um opinber innkaup nr. 120/2016 taka að fullu gildi gagnvart sveitarfélögum frá og með 31. maí 2019. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. **Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Golfskálanum Kiðjabergi, Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 17. apríl 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Golfskálanum Kiðjabergi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnessýslu.

9. **Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Golfskálanum Öndverðarnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.**
Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 26. apríl 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Golfskálanum Öndverðarnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnessýslu.

10. **Tölvupóstur frá Láru Gunnarsdóttur, verkefnisstjóra á Umhverfissviði Mosfellsbæjar vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar-frístundasvæði.**
Fyrir liggur tölvupóstur frá Láru Gunnarsdóttur, verkefnisstjóra á Umhverfissviði Mosfellsbæjar, dags. 17. apríl 2019 vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar – frístundasvæði. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

11. **Tölvupóstur frá Tómasi G. Gíslasyni, umhverfisstjóra Mosfellsbæjar vegna tillögu að friðlýsingu Gamla Þingvallavegarins.**
Fyrir liggur tölvupóstur frá Tómasi G. Gíslasyni, umhverfisstjóra Mosfellsbæjar, dags. 16. apríl 2019 vegna tillögu að friðlýsingu Gamla Þingvallavegarins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að óska eftir við Minjastofnun að Gamli Þingvallavegurinn verði

friðlýstur í samræmi við vilja þeirra sveitarfélaga sem hann liggur um, þ.e. Mosfellsbæjar, Grímsnes- og Grafningshrepps og Bláskógabyggðar.

12. Bréf frá Jafnréttisstofu og Vinnueftirlitinu ásamt veggspjaldi um einelti, kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.
Fyrir liggur bréf frá Jafnréttisstofu og Vinnueftirlitinu, dagsett 17. apríl 2019 þar sem minnt er á skyldur atvinnurekenda til að tryggja starfsfólki öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Liður í því er að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Jafnframt liggja frammi veggspjöld með þessu efni á. Lagt fram til kynningar.

13. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál.
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps tekur undir eftirtaldar athugsemdir sem komið hafa fram við forsendur frumvarpsins.

- *Að stofnuð verði sérstök stofnun til að hafa umsýslu allra þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða. Til staðar eru stofnanir, s.s. Umhverfisstofnun, sem fara með þessi verkefni og ætti frekar að skerpa á þeim verkefnum sem þeim hefur verið falið. Fjármagn til náttúruverndarsvæða hefur verið af skornum skammti um langt árabil. Nær væri að nota það fjármagn sem ætlað er í þessa kerfisbreytingu til uppbyggingar og verndunar á núverandi náttúruverndarsvæðum.*
- *Það er stór munur á hvort samráð skuli haft eða að hugmyndir hljóti samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. Gerð skuli krafa um að samþykki sveitarstjórnar liggi fyrir áður en landsvæði í sveitarfélaginu sé friðlýst og / eða gert að þjóðgarði.*

Þrátt fyrir ofangreindar athugasemdir fagnar sveitarstjórn þeim ákvæðum sem gera ráð fyrir aukinni aðkomu aðliggjandi sveitarfélaga í stjórn þjóðgarðsins á Þingvöllum og Þingvallanefnd.

14. Birt til umsagnar frá Forsætisráðuneyti drög að skýrslu Verkefnastjórnar stjórnvalda um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Forsætisráðuneyti drög að skýrslu Verkefnastjórnar stjórnvalda um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Skýrslan lögð fram til kynningar.

Íþróttamiðstöðin Borg

Sumaropnun

25. maí - 18. ágúst

Mánudaga - föstudaga	kl. 10 - 22
Laugardaga – Sunnudaga	kl. 10 -19

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: **www.gogg.is**
Netfang: **sundlaug@gogg.is**
Sími 480 - 5530

Það er með þakklæti í huga sem ég lít tilbaka síðasta árið en það er einmitt núna á þessum tíma komið heilt ár, 365 dagar síðan E-listinn var kosinn til starfa af ykkur kæru íbúar.
Margt hefur á daga okkar drifið á þessum tíma en hann hefur engu að síður einkennst af miklum lærdómi og þolinmæði. Segja má að máltækið, þolinmæði þrautir vinnur allar, eigi vel við stjórnsýsluna en hún er mikil í vöfum og að mörgu að huga. Við viljum jú öll að hvert mál sé tekið fyrir af jafnræði og réttsýni. Að því sögðu þurfa málin að fara sinn farveg og hann er ekki alltaf fljótfarinn og þá er gott að vera þolinmóð/ur. Það verður að viðurkennast að undirrituð er ein af þeim sem haldin er ákveðinni „straxveiki“ sem lýsir sér þannig að ef upp kemur góð hugmynd þá vil ég framkvæma hana sem allra fyrst. Kannski má segja að sem betur fer er það ekki hægt í stjórnsýslunni því þá væri eflaust búið að framkvæma margar misvitrar hugmyndir síðustu ár og aldir. Hvert mál þarf að fara sinn farveg og það útskýrir hvers vegna hlutirnir gerast ekki hraðar í kerfinu þrátt fyrir að á bakvið málin séu góðar og framkvæmanlegar hugmyndir.
Sveitarstjórn hefur þó framkvæmt ýmislegt á síðasta ári og erum við með margt á prjónunum fyrir næstu ár. Á þessu ári mun samfélagsstefna Grímsnes- og Grafningshrepps líta dagsins ljós en með henni fær sveitarstjórn ákveðna leiðarlýsingu til að vinna eftir samkvæmt vilja ykkar, íbúanna. Sveitarstjórn hefur hug á að styðja enn frekar við bakið á starfandi félagasamtökum í sveitarfélaginu og verið er að skoða að gera samfélagið okkar að Heilsueflandi samfélagi í samstarfi við landlæknisembættið. Einnig er þessa dagana að hefjast vinna þar sem gerðar verða tillögur um framtíðaruppbyggingu á landi sveitarfélagsins á Borgarsvæðinu en verið er að vinna áfram tillögur íbúa sem komu fram á íbúafundi í október síðastliðnum. Haldinn verður fundur í haust þar sem að þessar tillögur verða lagðar fyrir og ykkur íbúunum gefst kostur á að koma með athugasemdir.
Frábært ár er að baki og er það von mín að önnur eins ár fylgi.
Ég vil einnig nýta tækifærið og minna á að það er alltaf hægt að hafa samband ef ykkur liggur eitthvað á hjarta.

Gleðilegt sumar og ég vona að sólin haldi áfram að gleðja okkur.

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Til kynningar

√ SASS. Fundargerð 545. stjórnarfundar 04.04 2019.
√ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 870. stjórnarfundar, 11.04 2019.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:45

FUNDARGERÐ.

456. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 8. maí 2019 kl. 14.00 e.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. **Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps.**

   Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2018 lagður fram til fyrri umræðu. Á fundinn mættu Arna G. Tryggvadóttir og Elín Jónsdóttir, endurskoðendur Pwc og fóru yfir reikninginn. Ársreikningi vísað til annarrar umræðu.

2. **Bréf frá Skipulagsstofnun vegna umsagnar á endurbótum Grafningsvegar efri.**

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 26. apríl 2019 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar á endurbótum Grafningsvegar efri. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps telur að Vegagerðin hafi með greinargerð VSO um matsskyldufyrirspurn gert nægilega grein fyrir helstu framkvæmda- og rekstrarþáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar, líklegum umhverfisáhrifum og aðgerðum sem stefnt er að til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Jafnframt telur sveitarstjórn að þar sem um er að ræða lagfæringar á vegi í núverandi vegstæði þá muni verða lítil sem engin sjónræn áhrif vegna framkvæmdarinnar til lengri tíma litið. Ávinningurinn sé augljós, þ.e. bundið slitlag á núverandi veg og varanleg sjónræn áhrif hverfandi lítil.

Niðurstaða sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps er að framkvæmdin í heild sé ekki þess eðlis að það kalli á mat á umhverfisáhrifum.

3. Fundargerð 79. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 23. apríl 2019.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 79. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 23. apríl 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Aðgerðir til að fjölga faglærðum starfsmönnum í leik og grunnskóla.

Lagðar fram að nýju tillögur fræðslunefndar í aðgerðum til fjölgunar fagmenntaðra í Kerhólsskóla ásamt stöðluðu umsóknareyðublaði. Jafnframt leggur fræðslunefnd til að sveitarstjórn endurskoði ákvæði sitt um að allar fyrri umsóknir falli úr gildi í haust. Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum þann 1. maí 2019 og fól oddvita að vinna áfram að málinu og afla nánari upplýsinga. Þær upplýsingar liggja nú fyrir og samþykkir sveitarstjórn samhljóða tillögur fræðslunefndar um aðgerðir til fjölgunar faglærðum í Kerhólsskóla. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að fyrri umsóknir falli ekki úr gildi og gildandi umsóknir muni falla undir nýjar aðgerðir.

100 ára afmælishátíð kvenfélagsins 24.apríl – takk fyrir okkur!

Við viljum þakka þeim sem komu og fögnuðu með okkur á afmælishátíðinni og þar með þeim stóru tímamótum sem félagið stendur að á árinu.

Takk fyrir hamingjuóskir, gjafir og samveru!
Hér eru nokkrar myndir frá hátíðinni, fleiri myndir má finna inni á Facebooksíðu félagsins.

@kvenfelagrimsneshrepps

Tombólan á Borg

Síðan 1926

Á 100 ára afmæli Kvenfélags Grímsneshrepps mun félagið halda sína árlegu og víðfrægu tombólu í 94. sinn. Margar skemmtilegar uppákomur, sögur og minningar eru til af tombólunni á Borg.

Viltu leggja okkur lið í ár með vinningum? Endilega hafðu samband við okkur hjá kvenfélaginu og við munum glaðar taka á móti þínu framlagi :)

Allur ágóðinn af Tombólunni rennur til góðgerðar- og líknarmála. Síðustu 5 ár hafa safnast um 3 milljónir sem hafa runnið til góðra málefna innanlands.

Umsjónarkonur Tombólunnar 2019 eru:
Díana Símonardóttir s. 856-2719
Sigríður Þorbjörnsdóttir s. 861-6069

@kvenfelagrimsneshrepps

4. Þjónustusamningar fyrir Bergrisann bs.

Fyrir liggja uppfærðir þjónustusamningar fyrir Bergrisann bs., annar við Sveitarfélagið Árborg og hinn milli sveitarfélaganna sem standa að byggðasamlaginu um Bergrisann. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samningana fyrir sitt leyti.

5. Aðalfundur Límtré Vírnet ehf.

Fyrir liggur bréf frá stjórnarformanni Límtré Vírnets ehf., dagsett 29. apríl 2019 um að aðalfundur félagsins verði haldinn þann 15. maí n.k. í Borgarnesi. Bréfið lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:05

FUNDARGERÐ.

457. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 15. maí 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir

a) Oddviti leitar afbrigða.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 34/2018, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn íslenska ríkinu.

Samþykkt samhljóða.

1. **Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. maí 2019.**

   Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. maí 2019 liggur frammi á fundinum.

2. **Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 8. maí 2019.**

   Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 8. maí 2019 liggur frammi á fundinum.

3. **Fundargerðir.**

   a) **Fundargerð 2. fundar íbúaþings 2019 í Grímsnes- og Grafningshreppi, 29. apríl 2019.**
   Lögð fram til kynningar.

   b) **Fundargerð 175. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 10. apríl 2019.**

   Lögð fram 175. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 10. apríl 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

   Mál nr. 15: 1904009 - Kerið 1 L172724; Gestastofa og bílastæði; Deiliskipulag.

   Fyrir liggur umsókn Óskars Magnússonar f.h. Kerfélagsins, dags. 3. apríl 2019, um deiliskipulag fyrir Kerið í Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagssvæðið er um 27 ha að stærð og gert er ráð fyrir að afmarkaðar verði tvær lóðir austast á svæðinu undir gestastofu, bílastæði og þjónustubyggingar. Þá er gert ráð fyrir einni lóð norð-vestur af Kerinu. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri aðkomu austast á svæðinu og mun núverandi aðkomu að Kerinu verða lokað.
   Sveitarstjórn frestar málinu og felur skipulagsfulltrúa að ræða við umsækjanda.

   Mál nr. 18: 1903008F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 98.

Grímsævintýri á Borg, 10. ágúst 2019

Við í Kvenfélagi Grímsneshrepps erum byrjaðar að huga að okkar árlegu Grímsævintýrum sem verða haldin laugardaginn 10. ágúst í ár.

Tombóla, fjölskylduhátíð handverks- og matarmarkaður!

Ertu með þína framleiðslu í handverki

eða mat sem þú vilt selja?

Endilega bókaðu borð á Grímsævintýrunum.

Lítið borð: 3.500kr Stórt borð: 4.500kr

Tekið er við borðapöntunum fyrir markaðinn

á netfangið helga@midengi.is

Fylgstu með viðburðinum á Facebook –

Grímsævintýri á Borg 2019

Heldriborgaraferð 2019

Nú er komið að okkar árlegu Heldriborgaraferð :)

Að vanda bíður Kvenfélag Grímsneshrepps íbúum Grímsnes- og Grafningshrepps, 60 ára og eldri, í dagsferð. Í ár ætlum við að fara fimmtudaginn 20. júní þar sem við skoðum nærumhverfið okkar.

Mögulegt er fyrir þá sem vilja að skella sér í heitan pott og gufu á leiðinni þannig að ef áhugi er þá endilega pakkaðu sundfötum með.

Skráning þarf að berast í síðasta lagi sunnudaginn 16.júní nk.

Brottför frá Borg kl. 11.00 fimmtudaginn 20. júní.

Frekari upplýsingar og skráningar:

Jóhanna Þorvaldsdóttir s. 865-1931

Laufey Guðmundsdóttir s. 863-7218

c) Fundargerð 176. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 8. maí 2019.

Lögð fram 175. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 10. apríl 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 14 1904013 - Minni-Bær land (192690); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús.

Í framhaldi af afgreiðslufundi byggingarfulltrúa dags. 16. apríl 2019, er lögð fram umsókn Önnu Kristínar Geirsdóttur, móttekin 02. apríl 2019, um skráningu á þegar byggðu sumarhúsi 62,1 m2, á landi Minni-Bæjar (L192690) í Grímsnes - og Grafningshreppi. Landið er skv. þjóðskrá skráð „Annað land“ og er óráðin stærð (ca. 20ha). Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulag á svæðinu.
Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Mál nr. 15 1905005 - Göltur L168244; Galtartangi 2; Heiti nýrrar lóðar.

Fyrir liggur umsókn Áslaugar Gunnlaugsdóttur f.h. landeiganda, dags. 12. apríl 2019, um nafngift nýrrar óstofnaðrar landeignar úr landi Galtar L168244 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Um er að ræða landeign sem er skv. samþykktri skipulagsbreytingu sem tók gildi þ. 13. febrúar 2019. Ekki hafði verið gert ráð fyrir heiti landeignar á skipulaginu. Óskað er eftir að landið fái heitið Galtartangi 2 og liggur fyrir rökstuðningur fyrir heitinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að landið fái heitið Galtartangi 2 og samþykkir með fyrirvara um samþykki landeiganda að heiti aðliggjandi lands, Göltur land 1 L201657, sem er innan sama skipulagssvæðis verði samhliða breytt í Galtartangi 1.

Mál nr. 19: 1904002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 99.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. apríl 2019

d) Fundargerð 8. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 7. maí 2019.
Lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 32. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 30. apríl 2019.
Lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 5. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 30. apríl 2019.
Lögð fram til kynningar.

4. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps 2018.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2018 lagður fram til seinni umræðu. Helstu niðurstöður samantektar A og B hluta eru eftirfarandi:

Rekstrarniðurstaða A hluta	*kr.*	*86.161.954*
Rekstrarniðurstaða A og B hluta saman	*kr.*	*110.095.535*
Eigið fé	*kr.*	*749.621.692*
Skuldir	*kr.*	*990.102.445*
Eignir	*kr.*	*1.739.724.136*
Veltufé frá rekstri	*kr.*	*190.090.705*

Ársreikningur samþykktur samhljóða og áritaður af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að halda íbúafund um ársreikning sveitarfélagins í Félagsheimilinu Borg, þriðjudaginn 11. júní kl. 19:30.

5. Samningur um minkaveiði

Fyrir liggur samningur við Berg Þór Björnsson um minkaveiðar í Grímsnes- og Grafningshreppi fyrir árin 2019 – 2023. Oddvita falið að ganga frá samningi.

Dagskrá

Guðsþjónustur í Sólheimakirkju - klukkan **14:00**

30. júní sr. Egill Hallgrímsson
14. júlí sr. Egill Hallgrímsson
11. ágúst sr. Axel Árnason Njarðvík

Útisýningar

Lífrænn í 50 ár – Göngustígur að Sesseljuhúsi
Eins og gerst hafi í gær – Við Grænu könnuna
Minningarperlur – Við Grænu könnuna
Skátamyndir - Tröllagarði
Tröll í trjám - við Grænu könnuna
Pallettuverk frá Smíðastofu – hér og þar um byggðahverfið

Útijóga í sumar

Kristín Björg Albertsdóttir stýrir jógatímum fyrir alla reglulega í sumar, ýmist úti eða inni eftir veðri. Upplýsingar birtast á heimasíðu Sólheima: **www.solheimar.is**

Sunnudaginn 2. júní - klukkan **14:00**
Hvað höfum við gert?
Sævar Helgi Bragason heldur fyrirlestur í Sesseljuhúsi um þáttaröðina „Hvað höfum við gert?" sem sýndur var á RÚV en Sævar var umsjónarmaður þáttanna sem fjalla um loftlagsmál, útskýrð á mannamáli. Eftir fyrirlestur verður gengið um sýninguna „Hvað hef ég gert?" sem sett var upp í Sesseljuhúsi 2017 og rýnt aðeins í skýrslu um stöðu Sólheima í umhverfismálum miðað við markmið Sameinuðu þjóðanna. Nánar um fyrirlesturinn á heimasíðu Sólheima: **www.solheimar.is**

Fimmtudaginn 6. júní - klukkan **15:00**
Sjálfbært samfélag (enska/english)
Margarita Hamatsu, forstöðumaður Sesseljuhúss heldur fyrirlestur á ensku. Creating sustainable community – Global Eco Village Network. **Workshop at 15:00 in English.** Nánar um fyrirlesturinn á heimasíðu Sólheima: **www.solheimar.is**

Laugardaginn 6. júlí - klukkan **13:00**
Húmor og gleði í sjálfbærni
Edda Björgvinsdóttir fyrirlestur í Vigdísarhúsi

Laugardaginn 20. júlí - klukkan **16:00**
„Hvað erum við að gera?!"
Guðmundur Steinsson Garðyrkjumaður tekur á móti gestum í Ölri skógræktarstöð. Gummi græni leiðir gesti um og segir frá ræktun, vistmenningu og sjálfbærni

Laugardaginn 22. júní, 20. júlí og 17. ágúst
Eldsmiði
Eldsmiðir berja heitt járn „sér og vonandi gestum til ánægju."
Viltu prófa? **Nánar á heimasíðu.**

22. júní og 17. ágúst - frá klukkan **14:00-17:00**
Hestar í sumar
Ljúfir hestar frá Vorsabæ, teymdir undir þeim sem vilja á hestbak.

Loppumarkaðsdagar Nytjamarkaður Sólheima
Við endurnýtum, komdu og gerðu reyfarakaup. **Opnunartími verður kynntur á Facebook síðu Sólheima og heimasíðu: www.solheimar.is**

Talandi páfagaukur
Heilsaðu Emmu!
Emma fæddist árið 2005 og er af tegundinni Yellow-crowned Amazon, Amazona ochrocephala. Hún talar töluvert og syngur mikið. Emma getur orðið 60-80 ára gömul.

6. Jafnréttisáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps.

Lögð fram til seinni umræðu drög að jafnréttisáætlun fyrir sveitarfélagið skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi jafnréttisáætlun fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp.

7. Ályktun um jöfnun raforkuverðs.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps beinir því til ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar að raforkuverð í dreifbýli og þéttbýli verði jafnað. Frá því að skipulagsbreytingar voru gerðar á raforkukerfinu árið 2005 hafa fyrirtæki sem annast dreifingu á raforku í þéttbýli og dreifbýli haft tvær mismunandi gjaldskrár, aðra fyrir dreifingu raforku í þéttbýli og hina fyrir dreifingu raforku í dreifbýli. Þrátt fyrir niðurgreiðslu frá ríkinu, með svonefndu dreifbýlisframlagi, er raforkuverð í dreifbýli enn hærra en raforkuverð í þéttbýli. Frá árinu 2015 hefur dreifbýlisframlagið verið fjármagnað með svonefndu jöfnunargjaldi, sem er lagt á alla almenna raforkunotkun.

Til að ná fullri jöfnun raforkuverðs fyrir alla landsmenn er áætlað að þurfi viðbótarframlag sem nemur um 900 milljónum á ári. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps telur að nýta megi hluta af arði af rekstri Landsvirkjunar sem framlag til niðurgreiðslu raforkuverðs. Bent er á að í gegnum tíðina hefur verið rætt um að þegar skuldir Landsvirkjunar hafi verið greiddar niður muni arður af henni nýtast í þágu landsmanna. Það liggur beinast við að sá arður verði nýttur á sviði raforkumála og beinlínis í þágu landsbyggðarinnar, þar sem allar virkjanir Landsvirkjunar standa. Tímabært er að íbúar hinna dreifðu byggða sitji við sama borð og íbúar í þéttbýli hvað varðar raforkuverð og í raun hálfhjákátlegt að þeir sem búa næst uppsprettu raforkunnar, nærri virkjununum eða undir raflínum sem flytja orkuna á suðvesturhornið, skuli greiða hærra verð fyrir orkuna en þeir sem fjær búa.

8. Beiðni um styrkveitingu til Styrktarfélags klúbbsins Stróks.

Fyrir liggur bréf frá forstöðumanni og formanni stjórnar Styrktarfélagsins klúbbsins Stróks, dags. 30. apríl 2019 þar sem óskað er eftir styrk vegna starfsemi Styrktarfélags klúbbsins Stróks. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja félagið um 50.000 krónur.

9. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Viðeyjarsundi 3, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 30. apríl 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Viðeyjarsundi 3 Hraunborgum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

10. Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna að Neðan-Sogsvegi 40, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna að Neðan-Sogsvegi 40, dagsett 2. maí 2019 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Hermanni Sæmundssyni og Ólafi Kr. Hjörleifssyni dags. 23. apríl 2019 vegna fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Bréfið lagt fram til kynningar.

12. Tölvupóstur frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, upplýsingapóstur vegna laga um opinber innkaup og breytingar er varðar sveitarfélög.

Fyrir liggur upplýsingapóstur frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu dags. 3. maí 2019 vegna laga um opinber innkaup og breytinga er varða sveitarfélög. Lagt fram til kynningar.

13. Tölvupóstur frá Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem umsögn sambandsins um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020 - 2024 er kynnt.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 6. maí 2019 þar sem umsögn sambandsins um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024 er kynnt. Lagt fram til kynningar.

Tónleikadagskrá – Menningarveisla Sólheima 2019

Tónleikar alla laugardaga í Sólheimakirkju

1. júní - kl. 14:00
Halli Valli, Ármann, Leikfélag Sólheima og kórinn leita að sumrinu með frumsömdum lögum úr sýningu ársins í bland við uppáhaldslög kórsins.

8. júní - kl. 13:00
Valdimar Guðmundsson og Örn Eldjárn spila lög úr ýmsum áttum, bæði frá hljómsveitinni Valdimar og þeirra uppáhalds lög frá öðrum tónlistarmönnum.

15. júní - kl. 14:00
Söngkonan **Magnea Tómasdóttir** og píanóleikarinn **Aðalheiður Þorsteinsdóttir** flytja íslensk dægurlög og sígild jazzlög sem Tómas Grétar og dóttir hans, Magnea, léku sér að á sumarkvöldum í stofunni heima.

22. júní - kl. 14.00
Hljómsveitin **Klassart** er skipuð systkinunum **Smára Guðmundssyni** og **Fríðu Dís Guðmundsdóttur.** Tónlist þeirra má lýsa sem kántrý- og blússkotinni popptónlist.

29. júní - kl. 14:00
Daða Frey þarf vart að kynna en hann sló í gegn í Söngvakeppni Sjónvarpsins árið 2017 með hljómsveitinni **Gagnamagninu.** Hann hefur sent frá sér hvern smellinn á fætur öðrum síðan þá.

6. júlí - kl. 14.00
Hljómsveitin **Góss** er trió, skipuð tveimur af ástsælustu söngvurum landsins, þeim **Sigríði Thorlacius** og **Sigurði Guðmundssyni**, ásamt **Guðmundi Óskari**, bróður Sigurðar og meðleikara Sigríðar úr Hjaltalín.

13. júlí - kl. 14:00
Sigga Eyrún og **Kalli Olgeirs** eru þekkt fyrir að skapa skemmtilega og huggulega stemningu með tónlistarflutningi sínum. Á dagskrá verða uppáhalds lög þeirra, sérstaklega valin fyrir tilefnið.

20. júlí - kl. 14:00
Unnur Malín
Tónleikar Unnar eru hluti af tónleikaröð hennar, Undurdjúp. Hljóðheimur Unnar Malínar er fjölbreyttur og áhugaverður, dramatískur og fyndinn, stundum bæði í senn.

27. júlí - kl. 14:00
Myrra Rós er söngvaskáld búsett á Stokkseyri. Tónlist hennar er best lýst sem draumkenndu þjóðlaga poppi þar sem rödd og gítar spinna saman sögur og myndir úr hinum ýmsu hornum í lífi söngkonunnar.

3. ágúst - kl. 14:00
Reynir Hauksson er islenskur Flamenco gítarleikari sem hefur síðustu ár búið í Granada, Spáni þar sem hann fæst við Flamenco gítarleik.

10. ágúst - kl. 14:00
Þær **Bjartey** og **Gígja** leika á gítar og syngja og skipa hljómsveitina **Ylju.** Þær hafa vakið mikla athygli fyrir grípandi, fjölbreyttar og spennandi lagasmíðar og frábæran flutning. Tónlist Ylju er einstök upplifun.

17. ágúst - kl. 14.00
Síungi eilífðartöffarinn **Raggi Bjarna 85** ára í ár. Hann mætir sem fyrr á Sólheima í félagi við vin sinn **Þorgeir Ástvaldsson**, og munu þeir flytja lögin sem Raggi hefur sungið fyrir þjóðina í gegnum tíðina.

Verið hjartanlega velkomin á Menningarveislu Sólheima 2019

Menningarveislan hefst **laugardaginn 1. júní kl. 13:00** við Grænu Könnuna. Strax eftir setningu verður hægt að skoða samsýningu vinnustofa Sólheima í nýjum sýningarsal í Grænu könnunni. Þar má einnig hitta talandi páfagaukinn hana Emmu og börn fá sykurlausan ís í brauðformi í tilefni dagsins.

„HVAÐ HEF ÉG GERT?"

Við mælum með því að gestir leggi leið sína í Sesseljuhús og skoði afleiðingar og mögulegar lausnir gegn hnattrænni hlýnun.

Fyrstu tónleikar sumarsins í Sólheimakirkju klukkan14:00

Að venju verða það íbúar Sólheima, Sólheimakórinn og leikfélag Sólheima sem taka lagið með gestum.

Klukkan 15:00 verður hægt að kaupa sér góðar veitingar í kaffihúsinu Grænu könnunni.

Sólheimar Cultural Festival 2019

Our Cultural Festival will start with a short ceremony on Saturday, June 1st **at 13:00** in front of our café Græna kannan. After the opening ceremony we will open our art exhibition from Sóheimar workshops.

Lots of fun things to do over the summer!
Throughout the summer, from the beginning of June to the end of August, there will be a concert in our church or outside if the weather permits, **every Saturday at 14:00.**

The shop Vala, the coffee shop Græna kannan and exhibitions, open from 12:00 to 18:00 every day in summer. Our Church will have service on 30th of June - sr. Egill Hallgrímsson, 14th of July - sr. Egill Hallgrímsson and 1st of August - sr. Axel Árnason Njarðvík.

The eco-center **Sesseljuhús** will be open from **10:00 to 18:00.** Everyone is welcome to visit and see our exhibitions. There will be lectures and workshop (Please follow us on Facebook and check our website for information about the workshops and lectures).

Verslunin Vala, kaffihúsið Grænan kannan og sýningar;

Opið frá klukkan 12:00-18:00 alla daga í sumar.

Á vormánuðum fluttu Verslunin Vala og kaffihúsið Græna kannan í nýtt og endurbætt húsnæði í hjarta Sólheima. Nýbyggingin var gjöf frá Helga Magnússyni, Grími Sæmundsen, Sigurði Arngrímssyni og Alvogen/Róberti Wessmann . Lionsklúbburinn Ægir gaf öll tæki í nýtt eldhús.

Fjölbreytt starfsemi er í húsinu, en auk verslunar og kaffihúss er mötuneyti Sólheima starfrækt í húsinu, ásamt listhúsi og kaffibrennslu. Mikið úrval af listmunum eru frá vinnustofum Sólheima ásamt grænmeti ræktuðu frá Garðyrkjustöðinni Sunnu og öðrum afurðum Sólheima.

Kaffihúsið Græna kannan býður upp á ýmiss konar bakkelsi, heitan mat, súpur og lífrænt kaffi sem brennt er á staðnum einnig eru lífræn léttvín og bjór til sölu í kaffihúsinu.

Sesseljuhús umhverfissetur og gistiheimili Sólheima

Sesseljuhús umhverfissetur er opið allt árið fyrir gesti og gangandi án aðgangseyris og hægt er að panta leiðsögn um svæðið fyrir hópa, ásamt hádegisverði eða kaffi, gegn gjaldi.

Fylgið okkur á Facebook eða kynnið ykkur nánari upplýsingar á heimasíðu Sólheima.

14. Bréf frá Lilju D. Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra þar sem kynnt er stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum.

Bréf frá Lilju D. Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra dags. 2. maí 2019 þar sem kynnt er stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum. Lagt fram til kynningar.

15. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022, 771. mál.

Þingsályktun lögð fram til kynningar.

16. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga 772. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

17. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu grænbók um stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu grænbók um stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

18. Önnur mál.

a) Dómur Hæstaréttar í máli nr. 34/2018, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn íslenska ríkinu.

Fyrir liggur niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 34/2018, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn íslenska ríkinu þar sem Grímsnes- og Grafningshreppur vann málið. Dómurinn lagður fram til kynningar.

Til kynningar

√ Héraðssambandið Skarphéðinn, Ársskýrsla 2018.

√ Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:00

Vortiltekt

Lögbýlum og fyrirtækjum í Grímsnes- og Grafningshreppi býðst að fá til sín annars vegar járnagám og / eða timburgám í maí og júní

Miðað er við að hver gámur geti verið á staðnum í allt að 7 daga.

Panta þarf gámana annað hvort í síma 480-5500 eða með tölvupósti á oddviti@gogg.is

Gámarnir eru endurgjaldslausir í tilefni af hreinsunarátakinu Hreint Suðurland sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur umsjón með.

Garðeigendur í Grímsnes- og Grafningshreppi
Ókeypis molta

Frá og með 7. maí býðst garðeigendum að nálgast moltu á Gámasvæðinu Seyðishólum þeim að kostnaðarlausu.
Eina sem þarf að gera er að mæta á svæðið á opnunartíma með ílát eða kerru og skóflu og ná sér í moltu.

-Moltan er blanda af þeim lífræna úrgangi sem Gámaþjónustan safnar hjá íbúum, fyrirtækjum og stofnunum, hrossataði og trjáúrgangi sem búið er að fara í gegnum hitameðferð.
-Moltan þykir kraftmikill jarðvegsbætir sem gott er að blanda annarri mold í hlutföllunum 1/3 (1 hluti molta 2 hlutar mold) eða dreifa yfir beð og grasflatir í þunnu lagi.
-Moltan er afrakstur innlendrar endurvinnslu.

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-15

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS ALLAN SÓLARHRINGINN